

Skýrsla stjórnar á aðalfundi Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK í Friðarhúsinu, Njálsgötu 87, þriðjudaginn 15. febrúar 2011, kl. 19.00.

59. aðalfundur MFÍK

Í félagið eru skráðar 172 konur. Nýir félagar eru Kristín R. Vilhjálmsdóttir, Kristín Viðarsdóttir og Sólveig Ebba Ólafsdóttir. Þjóðum við þær velkomnar í hópinn. Ein félagskona sagði sig úr félaginu. Ingibjörg Sigurðar-Soffiudóttir lést á síðasta ári og Erla Ísleifsdóttir lést nú í febrúar. Við þökkum þeim samfylgdina.

Starfsemi árið 2010

Síðasti aðalfundur var haldinn 9. febrúar 2010. Þetta var sögulegur fundur þar sem María S. Gunnarsdóttir, sem verið hafði formaður í 10 ár lét af því embætti. Fundurinn var látlaus og góður í anda Maríu. Henni var afhent þakkarskjal fyrir mjög svo óeigingjarnt starf í þágu félagsins og svo var skálað í freyðivíni. Eftir að hefðbundnum félagsstörfum lauk flutti Auður Ingvadóttir fyrirlesturinn *Margkunnugar konur og óborin börn*.

Stjórn MFÍK hélt 8 formlega stjórnarfundum milli aðalfunda (25/2, 4/3,18/3, 28/4, 2/9, 12/10, 23/11, sem var opinn félagskonum, og 11/1 2011). Auk þess voru ýmis verkefni afgreidd í gegnum síma og í tölvupósti. Eins og áður voru bæði aðal- og varamenn boðaðir á alla fundi.

MFÍK hafði veg og vanda að undirbúningi fundar á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars. Fjórir undirbúningsfundir voru haldnir í Friðarhúsi, 28. janúar, 4., 11 og 18. febrúar, auk fundar í Ráðhúsi 25. febrúar.

Undirbúningur fyrir 8. mars í ár er kominn vel á veg og heldur María S. Gunnarsdóttir utan um hann. Í ár eru 100 ár liðin frá því að fyrsti 8. mars fundurinn var haldinn og eru þetta því merk tímamót í baráttusögu kvenna fyrir friði og jafnrétti. MFÍK fagnar einnig stórafmæli í ár, félagið var formlega stofnað 5. júlí árið 1951 og er því 60 ára.

Þrír opnir félagsfundir voru haldnir í Friðarhúsi á árinu og svo var hin árlega bókmenntakynning félagsins í desember. Verður sagt nánar frá efni þeirra hér á eftir.

Að venju tóku fulltrúar MFÍK þátt í undirbúningi kertaflýtingar á Reykjavíkurtjörn í ágúst og friðargöngu á Þorláksmessu, ásamt samstarfshópi friðarhreyfinga. Félagið tók einnig þátt í að mynda friðarmerki á Klambratúni á Alþjóðlegum degi án ofbeldis, 2. október, ásamt fjölda samtaka og félaga.

Fundarstaðir MFÍK voru í: Friðarhúsi, Njálsgötu 87, Kamesi Borgarbókasafns, á Caf  Haitti, og heima hj  stjórnarme limum.

Helstu viðburðir 2010

Mars

Árlegur fundur á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti þann 8. mars var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur undir yfirskriftinni *Við getum betur*. Að venju átti MFÍK frumkvæði að fundinum og sá um skipulagningu hans. Í upphafi fundar gáfu MFÍK konur fundargestum *Frið*, þ.e. kort samtakanna sem hannað var af Mireyu Samper. Í kortinu voru hvatningarorð í anda félagsins til fundargesta: *Sameinumst um friðvænlegri heim. Krefjumst þess að Ísland standi utan allra hernaðarbandalaga - að landið og miðin verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði - að fest verði í stjórnarskrá að Ísland sé herlaust og þjóðin fari aldrei með ófriði gegn öðrum þjóðum. Þorum að endurskoða mistök fortíðar og leggjum grunn að öruggri framtíð og friði börnum okkar til handa.*

Kolbrún Halldórsdóttir var fundarstjóri og ávörp fluttu María S. Gunnarsdóttir, Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann, Helga Sif Friðjónsdóttir, Barbara Kristinsson, Guðrún Hallgrímsdóttir, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og Andrés Ingi Jónsson. Kvennakór Háskóla Íslands söng undir stjórn Margrétar Bóasdóttur.

Mái

4. maí var opinn félagsfundur og fjallaði Sigrún Sigurðardóttir um flóttafólk og hælisleitendur út frá sýningunni *heima – heiman* sem haldin var í Ljósmyndasafni Reykjavíkur haustið 2008.

Ágúst

9. ágúst var hin árlega kertafleyting á Reykjavíkurtjörn. Kertafleytingin er haldin í minningu fórnarlamba kjarnorkusprengranna í Hírósíma og Nagasaki árið 1945.

September

Þann 21. september, á Alþjóðlegum degi friðar, var opinn félagsfundur í Friðarhúsi og sagði Helga Þórólfsdóttir frá starfi sínu í Rauða krossinum á áttakasvæðum.



MFÍK konur á Arnarhóli á kvennafrídaginn 24. október

Október

Á Alþjóðlegum degi án ofbeldis, 2. október, tók félagið þátt í að mynda friðarmerki á Klambratúni ásamt fjölda samtaka og hreyfinga.

MFÍK konur fylktu liði undir merkjum friðar í göngu, sem endaði á Arnarhóli, ásamt þúsundum annarra kvenna á kvennafrídaginn, 24. október.

Nóvember

8. nóvember var opinn félagsfundur og sagði Margrét Guðnadóttir, veirufræðingur, frá starfi sínu og rannsóknum sem hún hefur sinnt af mikilli hugsjón og fagmennsku.

Desember

11. desember var hin árlega bókmenntakynning MFÍK í MÍR salnum. Fiðluleikarinn Laufey Sigurðardóttir og gítarleikarinn Páll Eyjólfsson spiluðu í upphafi dagskrár. Vilborg Dagbjartsdóttir, Gunnar Theodór Eggertsson, Guðrún Hannesdóttir, Kristín Eiríksdóttir, Yrsa Þöll Gyldfadóttir og Kristín Steinsdóttir lásu úr nýjum verkum sínum. Þórunn Erlu – Valdimarsdóttir ákvað að vera með uppistand frekar en að lesa úr nýrri bók sinni. Auk þess voru tveir óvæntir gestir sem lásu úr verkum sínum, þær Sylvia Hikins, frá Englandi og Valgerður Þóra Benediktsdóttir. Anna Sigríður Hróðmarsdóttir hafði umsjón með hátíðarkaffi ásamt Guðrúnu Þorgeirsdóttur og Sesselju Gunnarsdóttur en margar fleiri lögðu hönd á plóg og komu með veitingar. Að vanda var Margrét Guðmundsdóttir kynnir.



Yrsa Þöll Gyldfadóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og góður gestur

Ágóði af kaffisölu rann til Maríusjóðs Aisha, félags til verndar konum og börnum á Gaza.

23. desember var hin árlega friðarganga frá Hlemmi á Ingólfstorg.

Janúar 2011

28. janúar sáu MFÍK konur um fjáröflunarkvöldverð í Friðarhúsi. Ágóði fjáröflunarkvöldverðanna fer í rekstur hússins. Björk Vilhelmsdóttir sýndi myndir og sagði frá dvöl sinni og fjölskyldu í Palestínu í desember síðastliðnum.

Útgáfa og skrif félaga MFÍK

Fréttabréf

Fréttabréf félagsins komu út í mars og nóvember. Þrátt fyrir að samskipti við félagafari nú í auknum mæli fram í tölvupósti voru bæði fréttabréfin send í hefðbundnum pósti til allra félagskvenna.

Greinar

María S. Gunnarsdóttir skrifaði grein um hljóðið í Íslendingum rúmu ári eftir hrun fyrir blaðið *Vi Manskor* sem er blað systurfélags MFÍK, *Svenska Kvinnors Vänsterförbund*. Guðrún Hannesdóttir og Margrét Guðmundsdóttir sáu um þýðingu á sænsku. Greinin var einnig birt í marsfréttabréfi MFÍK.

Guðrún Hannesdóttir og María S. Gunnarsdóttir skrifuðu greinina *Hver vill leika óvin?* og var hún birt á heimasíðu félagsins.

Ályktanir, áskoranir og umsagnir

Í upphafi árs sendi félagið frá sér ályktun til stjórnvalda. Ályktunin var frá ráðstefnu *Norrænu samtakanna gegn úranvopnum* sem haldin var í nóvember 2009. Ályktunin var einnig send stjórnvöldum Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Í ályktuninni var þess farið á leit að stjórnvöld kynntu sér og legðu fram skýrslur um áhrif notkunar úrans á fólk og umhverfi og þau hvött til að vinna saman að banni notkunar úranvopna.

Félagið sendi frá sér 2 umsagnir vegna þingsályktunartillagna (nr. 238 og 367) sem fjölluðu um rannsókn á þátttöku Íslands í stríðinu í Írak og birtingu allra upplýsinga og skjala þar að lútandi. Félagið sendi einnig frá sér umsögn um frumvarp til laga (mál 18) um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Utanríkisráðherra, Össuri Skarphéðinssyni, var send áskorun þess efnis að ráðuneyti hans sendi, fyrir hönd landsins, álit sitt á notkun hergagna og skotfæra sem innihalda sneytt úran, til aðalritara Sameinuðu þjóðanna. Vísað var í ályktanir Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 2007 og 2008, þar sem aðildarríki er hvött til að leggja fram skýrslur og álit sitt á notkun þessara vopna.

Guðrún Hannesdóttir samdi ályktun vegna nýrra upplýsinga sem birtust í júlí á Wikileaks um hernað Natóríkja í Afganistan.

Í september sendu samtökin frá sér ályktun vegna hugsanlegrar samvinnu Íslands við ECA Program Ltd, sem hafði sótt um leyfi til að skrá herþotur á Íslandi. Íris Ellenberger samdi ályktunina.

Nató hélt leiðtogafund sinn í Lissabon dagana 19.-20. nóvember og sömdu Guðrún Hannesdóttir og María S. Gunnarsdóttir stuðningsyfirlýsingu sem send var til *O Movimento Democrático de Mulheres*, systursamtaka félagsins í Portugal.

Í tilefni af Alþjóðlega mannréttindadeginum 10. desember fóru nokkrar stjórnarkonur í Bandaríska sendiráðið, í þeim tilgangi að afhenda bréf stílað á Bandaríkjaforseta. Í bréfinu var farið fram á að 5 kúbverskir menn væru látnir lausir en þeir hafa setið í fangelsi í Bandaríkjunum í meira en 12 ár án sýnilegrar ástæðu. Eiginkonur tveggja þeirra hafa ekki séð menns sína síðan þeir voru handteknir og fór félagið einnig fram á að þeim yrði veitt vegabréfsáritun til Bandaríkjanna þannig að þær geti heimsótt eiginmenn sína.

Að sögn öryggisvarðar sem beið okkar úti var enginn til taka við bréfinu og var það því sent í tölvupósti seinna um daginn.

Fréttabréf, greinar og ályktanir má lesa á heimasíðu félagsins.



Fyrir framan Bandaríska sendiráðið, 10. desember. Við myndatökuna fengum við ekki að hafa sendiráðið í baksýn og var það með herkjum að við fengjum að taka þessa mynd.

Erlend samskipti

Alþjóðasamtök lýðræðissinnaðra kvenna - MFÍK á aðild að Alþjóðasamtökum lýðræðissinnaðra kvenna.

MFÍK er skráð í *Europe for Peace*, sem stefnir að kjarnorkuvopnalausri Evrópu.

Frá 2008 hefur MFÍK átt aðild að norrænu samtökunumm *Nordic Network against Uranium*, sem og alþjóðlegu samtökunum *International Coalition to Ban Uranium Weapons*, en bæði samtökin berjast fyrir banni á notkun úranvopna.

Stjórnarkjör

Frá síðasta aðalfundi, þann 9. febrúar 2010 sátu í stjórn:

Guðríður Sigurbjörnsdóttir, formaður
Guðrún Hannesdóttir, varaformaður
Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, gjaldkeri
Dögg Árnadóttir, ritari
Sigurlaug Gunnlaugsdóttir, erlendur bréfitari
Margrét Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
María S. Gunnarsdóttir, meðstjórnandi og settur fjölmiðlafulltrúi

Auður Ingvadóttir, varamaður
Íris Ellenberger, varamaður

Samkvæmt lögum MFÍK eru formaður og varaformaður kosnir sérstaklega, sinn hvort árið, til tveggja ára í senn. Nú er komið að varaformannskjöri. Í fyrra tók Guðríður Sigurbjörnsdóttir, sem hafði þá gengt varaformannsstarfinu í eitt ár, sæti formanns. Guðrún Hannesdóttir hljóp í skarðið og tók að sér varaformennsku í eitt ár. Guðrún gefur ekki kost á sér í embættið áfram og leggur stjórnin til að Sigurlaug Gunnlaugsdóttir taki hennar stað.

Auður Ingvadóttir gefur ekki kost á sér sem varamaður áfram og tekur Sigríður Gunnarsdóttir hennar sæti. Þjóðum við hana hjartanlega velkomna. Að öðru leyti er stjórnin óbreytt.

Stjórn 2011

Guðríður Sigurbjörnsdóttir, formaður
Sigurlaug Gunnlaugsdóttir, varaformaður
Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, gjaldkeri
Dögg Árnadóttir, ritari
Guðrún Hannesdóttir, meðstjórnandi
Margrét Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
María S. Gunnarsdóttir, meðstjórnandi

(Samþykkt var breyting á lögum félagsins varðandi embætti stjórnar og fellur því embætti erlends bréfitara út)

Íris Ellenberger, varamaður
Sigríður Gunnarsdóttir, varamaður